

Fornleifakönnun vegna framkvæmda á Hrafnseyri



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

September 2011
NV nr. 30-11

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
1. Inngangur	3
2. Markmið og aðferðir	3
2.1 Tilgangur fornleifaskráninga	3
2.2 Aðferðafræði	4
3. Skrá yfir fornleifar	4
4. Niðurstöður	9
5. Kort.....	10

1. Inngangur

Að beiðni Valdimars Hafsteinssonar staðarhaldara á Hrafnseyri fyrir hönd Hrafnseyrarnefndar gerði Náttúrustofa Vestfjarða fornleifakönnun á hektara svæði vestur við gamla skólahúsið á Hrafnseyri við Arnarfjörð. Fyrirhugað var að stækka bílastæði vegna 200 ára afmælis Jóns Sigurðssonar árið 2011. Skráðar voru minjar á því svæði sem rask var fyrirhugað.

Rannsóknina gerði Margrét Hrönn Hallmundsdóttir fornleifafræðingur þann 14. júlí 2009 og annaðist jafnframt skýrslugerð.

2. Markmið og aðferðir

2.1 Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 11. gr. segir: „Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.“

Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem: „hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;

vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;

gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;

gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;

virki og skansar og önnur varnarmannvirki;

gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;

áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;

haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið; skipsflök eða hlutar úr þeim. Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.“

Í 10. grein Þjóðminjalaga segir enn fremur: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.“

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Fornleifavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.). Ef óþekktar fornleifar koma í ljós við jarðrask skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmdir á staðnum og þar til ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins liggur fyrir varðandi hvort eða með hvaða skilyrðum framkvæmdir getur haldið áfram (sjá 13.gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókn eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

2.2 Aðferðafræði

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar.

Allir skráðir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble pro upp mælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

3. Skrá yfir fornleifar

Hver sýsla hefur skammstafað heiti og hver jörð hefur tvö númer í fornleifaskránni. Númerin eru komin úr annars vegar landsskrá Fasteignamats ríkisins (d. Hrafnseyri 2125145-) og hins vegar í Jarðatali Johnsens frá 1847 (d. Hrafnseyri 13). Síðan fær hver minjastaður raðnúmer í skránni (d. ÍS- Hrafnseyri 13). Sé jörð með landsnúmer en ekki númer í Jarðatali Johnsens, flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins.

Saga Hrafnseyrar

Jörðin Hrafnseyri er á norðurströnd Arnarfjarðar og er nokkurnveginn miðsveitis í Auðkúluhreppi hinum forna. Í upphafi landnáms er staðurinn nefndur Eyri við Arnarfjörð og kemur mjög við fornar sögur landsmanna. Þegar kemur fram á 15. öld er farið að nefna Eyri eftir Hrafni Sveinbjarnarsyni, sem er talinn fyrstur lærðra lækna á Íslandi. Þjóðskörungurinn Jón Sigurðsson fæddist á Hrafnseyri 17. júní 1811 og þar ólst hann upp til 18 ára aldurs.

Upphaf byggðar á Eyri

Í Landnámu segir svo:

"Örn hét maður ágætur. Hann var frændi Geirmundar heljarskinns. Hann fór af Rogalandi fyrir ofríki Haralds konungs. Hann nam land í Arnarfirði svo vítt sem hann vildi. Hann sat um veturinn á Tjaldanesi, því þar gekk eigi sól af um skammdegi. Án rauðfeldur, sonur Gríms loðinkinna úr Hrafnistu og sonur Helgu, dóttur Ánar bogsveigis, varð missáttur við Harald konung hinn hárfagra og fór því úr landi í vesturvíking. Hann herjaði á Írland og fékk þar Grelaðar, dóttur Bjartmars jarls. Þau fóru til Íslands og komu í Arnarfjörð vetri síðar en Örn. Án var hinn fyrsta vetur í Dufansdal. Þar þótti Grelöðu illa ilmað úr jörðu. Örn spurði til Hámundar heljarskinns, frænda síns norður í Eyjafirði og fýstist hann þangað. Seldi hann því Áni rauðfeldi lönd öll milli Langaness og Stapa. Án gerði bú að Eyri. Þar þótti Grelöðu hunangsilmur úr grasi¹."

Sigurður Vigfússon fornfræðingur fór í könnunarferð um Vestfirði árin 1882 og 1888.² Kom hann við á Hrafnseyri í bæði skiptin og svipaðist um eftir fornleifum og sögustöðum. Sigurður fann tóftarleifar, um 11 m breiðar, austan við bæinn á Hrafnseyri og taldi að þar væru fundnar leifar af skála Hrafns Sveinbjarnarsonar.

Samkvæmt munnmælum voru undirgöng frá *Hrafnsskála* og niður að sjávarbökkum. Sigurður skoðaði lægð sem liggur frá bænum og niður að sjó, um 130 m leið, en taldi hana náttúrumyndun, og hafa myndast af gamalli vatnsrás undir túninu. Lægðin er engu að síður kölluð *Undirgangur* og að sögn Ásgeirs Jónssonar sem lengi bjó á Hrafnseyri á ofanverðri 19. öld mátti sjá hleðslur í opi þeirra við sjávarkambinn.³ Neðan við bæinn fann Sigurður naust, "ákaflega mikið og fornlegt", hið stærsta sem hann hafði séð, eða yfir 30 m langt.

Búið hefur verið á Hrafnseyri lengst af og aðeins nokkrir áratugir síðan hætt var að búa á jörðinni. Hrafnseyri hefur lengst af verið prestsetur og er frægð staðarins þó helst bundin við

¹ Landnámabók (1968) Jakob Benediktsson gaf út. *Íslensk fornrit*, . Rv. I, s. 177; Jón Jóhannesson (1941) *Gerðir Landnámabókar*, Rv., s. 28-29.

² Sigurður Vigfússon (1883) "Rannsókn um Vestfirði...", *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1883*, s. 1-70; - "Rannsókn á Vestfjörðum 1888", *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1888-92*, s. 124-142.

³ Böðvar Bjarnason, sama rit, s. 16.

Hrafn Sveinbjarnarson og Jón Sigurðsson forseta sem ólst upp á Hrafnseyri þar sem faðir hans þjónaði sem prestur. Í jarðabók Árna og Páls Vídalíns eru skráðar fimm hjáleigur og flestar í heimatúninu. Þær eru Rani, Bæli, Efri Hús, Neðri Hús og Sifjarhús⁴.

Í jarðatali Jonsen frá 1847 er Hrafnseyri nefnd Rafseyri og er skráð 60 hundraða jörð en allar hjáleigur sem nefndar voru hjá Árna og Páli eru nefndar en eru ekki í byggð árið 1847. Eina hjáleigan sem er í byggð er Rafnseyrarhús⁵

Hrafnseyri 2125145-13- 003

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Rúst

Staðsetning: A591939 N296177

Ástand: Slæmt

Friðlýst: Nei

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Hætta vegna framkvæmda



Staðhættir Um 47 metra norður af skólahúsinu á Hrafnseyri, á svæði sem kallast Eysteinstún, er rústabunga. Í örnefnaskrá segir „ þar[á Eysteinstúni] stóð einhverntíman hjáleiga frá staðnum,,

Lýsing Ekki er hægt að greina neinar hleðslur en bæði hóllinn og það grjót sem sjáanlegt er á yfirborði benda til þess að þarna hafi staðið hús.

Heimildir Örnefnaskrá Hrafnseyrar Ágúst Böðvarsson

⁴ Páll Vídalín og Árni Magnússon (1981) *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín Ísafjarðar og Strandasýsla* . s.15-18

⁵ J. Jonsen (1847) *Jarðatal á Íslandi* s,191

Hrafnseyri 2125145-13- 004

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Rúst

Staðsetning: A 591955 N 296177

Ástand: Slæmt

Friðlýst: Nei

Hættumat: Enginn hættu



Staðhættir Um 60 metra NNA af skólahúsinu á Hrafnseyri og um 16 metra beint norður af [1] er rúst sem gengur inn í Birkiskóg.

Lýsing Greina má veggjahleðslur í rústinni sem er opinn til suðurs. Innanmál rústarinnar eru 3 metrar á lengd og 1 ½ meter á breidd. Hæð veggja er um 30 cm. Rústin er mikið gróinn og hverfur inn í Birkiskóg sem er fyrir ofan Eysteinstún. Ekki sér í grjóti í rústinni en finnst fyrir því undir sverði.

Hrafnseyri 2125145-13- 005

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Rúst

Staðsetning: A 591952 N 296210

Staðhættir :Um 70 metra beint norður af skólahúsi er ógreinileg rúst

Minjalýsing: Rústin er mikið gróin. Stærð hennar er 6x2 m og má greina ógreinilega dæld í henni miðri.



Hrafnseyri 2125145-13- 006

Hlutverk: Garðlag

Tegund: Garður

Staðsetning: A 591974 N 296163

Staðhættir: Um 50 metra norður af skólahúsi og rétt aftan við gamalt útihús er garðlag

Minjalýsing: Garðurinn er um 1 metri á breidd og 25 metrar á lengd. Garðurinn er mjög sléttur að ofan og þar vex mosi. Á báðum hliðum garðsins sér í hleðslur og er garðurinn um ½ metri á hæð.

Garðurinn liggur í norður - suður



Hrafnseyri 2125145-13- 007

Hlutverk: Útihús

Tegund: Rúst

Staðsetning: A591919 N 296140

Staðhættir: Um 39 metra norð vestur af skólahúsi er rúst sem er nokkur stór

Minjalýsing: Um 6 metra veggur er greinanlegur en restin er aðeins stór hóll. Á gamalli ljósmynd má greina hús á þessum stað sem staðið hefur beint vestur af skólahúsi



4. Niðurstöður

Miðað við síðustu áform Vegagerðarinnar um veglagningu að Hrafnseyri voru minjar ekki í hættu vegna framkvæmda. Fornleifafræðingur frá Náttúrustofu Vestfjarða var við framkvæmdaefirlit og merkti allar minjar sem skráðar höfðu verið þegar vegur var stikaður og engar minjar skemmdust við lagningu vegarins og gerð bílastæðis. En þess má geta að á Hrafnseyri er mikið af minjum og margar hjáleigur hafa verið í túninu. Við allar framkvæmdir sem fela í sér jarðrask á svæðinu er mjög mikilvægt að fornleifafræðingur sé við framkvæmdaefirlit eins og gert hefur verið. Náttúrustofa Vestfjarða vinnur að heildarskráningu minja á Hrafnseyri en þessi skýrsla fjallar aðeins um lítinn hluta jarðarinnar og er gerð vegna framkvæmda við bílastæði og nýjan aðkomuveg að Hrafnseyri.